

Rafhitun eða Varmadæla

Rafhitun er síðasta fyrirtæki á Íslandi starfandi við framleiðslu á rafhiturum.

Rafhitun tók við framleiðsludeild Rafha þegar það fór yfir. fyrir um 20 árum síðan.

Þá voru starfandi 3 fyrirtæki við framleiðslu á rafhiturum.

Við framleiðslu rafhitara starfa um 6-10manns beint og óbeint hjá Rafhitun, Hagstál, og fleiri fyrirtækjum sem á einn eða annan hátt koma að einstökum þáttum.

Varmadælur eru hinsvegar að öllu leiti innflutt vara og engan veginn hægt að keppa við innflutning á þeim.

Þjóðhagslega hlýtur að vera spurning hvor kosturinn er álitlegri.

Ef hugsað er um orkusparnað, viðhald uppsetningarkostnað og endingu. þá er munurinn afar lítill eða enginn. Líftími rafhitara er um 35-40 ár en varmadælu 10-15 ár

Innkaupsverð varmadælu fyrir meðalhús sem gegnir sama hlutverki og rafhitari fyrir samskonar hús er meira en 4faldur (12kW rafhitari með nesluvatnshitun 290þús með vsk, varmadæla 12 kW 1350þús með vsk.)

Miðað við meðalhitastig á rafhituðum svæðum á Íslandi er varmadæla að skila nýtni upp á 1.6 - 1.9 (sjá http://forbrukerportalen.no/filearchive/FR_Varmepumpekorrigert.pdf)

Þá er ósvarað spurningu um orkusparnað, fyrir hvern.

Varla fyrir seljanda orkunnar, varla fyrir notandann sem missir niðurgreiðsluna á raforkunni fyrir skammtíma lausn.

Varla skattheimtu ríkissjóðs eða atvinnuleysissjóð.

Varmadæla er því miður ekki sparnaðarleið fyrir neinn nema hægt sé að virkja volgrur sem orkugjafa hennar, þetta er margreynt og flestir hafa gefist upp á rekstri þeirra. Við höfum skoðað þetta með tilliti til þess að framleiða varmadælur en það er óraunhæfur möguleiki þar sem kínversk framleiðsla tröllríður þessu eins og öðru.

Það gleymist oft í umræðunni um rafhitun að það er í raun 100% yfirfærsla á raforku yfir í varmaorku töp eru engin í þessari yfirfærslu, þannig að rafhitun er á engann hátt dýrari en orkugjafinn sjálfur, því er hinsvegar öfugt farið með brennslu eins og olíu eða slíkt þar sem stór hluti orkunnar fer út um reykþáfinn.

Í umræðunni um hátt orkuverð má hinsvegar benda á gegndarlausu álagningu

orkuframleiðandans og dreifingaraðila, óþörf papírshyrirtæki eins og Landsnet og fleira í þeim dúr, ef álagning annara fyrirtækja væri á sama veg, þá væri engin verslun á Íslandi.

Notkun varmadæla á norðurlöndunum er hinsvegar skiljanleg þar sem ekki er um ódýrari orkugjafa að ræða og framleiðsluverð raforku þar veldur hærra orkuverði til notanda en þekkist hér.

Förum nú að snúa vörn í sókn og skoðum málin í heild sinni í stað þess að týna alltaf út eitthvað sem þjónar aðeins einum en ekki heildinni.

Virðingafyllst

Snorri Hafsteinsson

Rafhitun ehf